

Börkur Sigurbjörnsson

Tannþráður

örsaga



Urban Volcano

Tannþráður


Börkur Sigurbjörnsson

Creative Commons (BY-NC-ND) – 2023
<https://creativecommons.org/licenses/by-nc-nd/3.0/>

Útgefandi: Urban Volcano

<https://urbanvolcano.net/>

Þessa sögu má afrita með hvaða hætti sem hugnast getur, svo sem með fjölríttun, meitlun í stein eða upplestri í gegnum Zoom úr baðkari á jónsmessunótt, svo fremi sem vísað er í höfund, efninu ekki breytt á nokkurn hátt og ekki skapist fjárhagslegur ávinningur af afrituninni.



Tannþráður

Ég gat ekki annað sagt en að aldrei þessu vant þá hlakkaði ég til þess að fara til tannlæknis. Í gegnum árin þá hafði tilfinning mín einatt verið önnur. Ég hafði frekar kviðið þeirra heimsókna heldur en hlakkað til. Það sem helst olli þeim kviða var samtalið um tannþráðinn. Það er að segja þeim tímupunkti í tannlæknisheimsókninni þar sem tannlæknirinn spurði „En hvernig er það nú, notar þú tannþráð daglega?“ Ég neyddist alltaf til þess að kyngja skömminni og viðurkenna að ég væri óreglumaður þegar kæmi að notkun tannþráðs. Ég gæti ómögu-

lega komið mér upp þeim vana að troða þræði reglulega á milli tannanna í mér.

Nú var hins vegar allt annað upp á teningnum. Í heilt ár—367 daga í raun—þá hafði ekki liðið sá dagur sem ég hafði sleppt því að renna tannþræði á milli tannanna minna. Ég var óend-
anlega stoltur af sjálfum mér og fullur sjálfstrausts til þess að mæta tannlækninum án þess að þurfa að yfirgefa stofuna hans með skottið á milli lappanna.

„Jæja,“ sagði tannlæknirinn þegar hann hafði lokið skoðun sinni. „Þetta lítur allt frekar heillega út.“

Ég brosti út að eyrum. Þetta var góðs viti.

„En hvernig er það nú,“ hélt tannlæknirinn áfram og ég ið-
aði í skinninu að geta loks svarað játandi spurningunni sem ég taldi mig vita að kæmi næst. „Drekkur þú ekki aðeins of mikið kaffi? Þær eru ansi skellóttar í þér tennurnar.“

Brosið hvarf af vörum mínum og ég var við það hreyta út úr mér „En ég nota tannþráð daglega.“ Það yrði hins vegar til lítils. Það virtist aldrei hægt að gera þessum blessuðu tannlæknum til geðs.

Um höfundinn

Börkur Sigurbjörnsson er menntaður tölvunarfræðingur og hefur hugbúnaðarþróun sem aðal viðurværi en sinnir skáldskap í hjáverkum. Börkur er fæddur og uppalinn í Reykjavík en hefur á undanförunum tveimur áratugum búið víðs vegar um heiminn, með langtímadvöl í Amsterdam, Barselóna, Bursheid, Düsseldorf, Lundúnum, Montevideo og Reykjavík. Börkur birtir reglulega örsögur, smásögur og ljóð á vefsíðunni Urban Volcano.

Bækur höfundarins

Talaðu við ókunnuga, smásagnasafn (2019)

52 augnablik, örsagnasafn (2017)

999 Erlendis, smásagnasagn (2012)

Aðrir tenglar

Börkur Sigurbjörnsson (heimasíða)

Urban Volcano